

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1361/2014

2015/EES/63/23

frá 18. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 3 og 13, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 40 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 <sup>(2)</sup> voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hin 12. desember 2013 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum tímabilið 2011-2013 („árlegu endurbæturnar“) innan rammans um reglulegt endurbótaferli sitt sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmið árlegru endurbótanna er að taka á nauðsynlegum málefnum, sem eru þó ekki áriðandi, sem Alþjóðareikningsskilaráðið ræddi á verkefnatímabilinu, sem hófst árið 2011, um svið þar sem ósamræmi er á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla eða þar sem þörf er á nánari skýringum á orðalagi. Breytingar á IFRS-staðli 3 og 13 eru skýringar eða leiðréttingar á viðkomandi stöðlum. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 40 fela í sér breytingar á gildandi kröfum eða viðbótarleiðbeiningum um framkvæmd á þessum kröfum.
- 3) Þessar breytingar á gildandi stöðlum innihalda einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9 sem er ekki hægt að beita sem stendur þar sem Sambandið hefur enn ekki samþykkt IFRS-staðal 9. Því ætti að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat.
- 4) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er það staðfest að endurbæturnar uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrifyndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:
  - a) IFRS-staðli 3, sameining fyrirtækja, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,
  - b) IFRS-staðli 13, gangvirðismat, er breytt í samræmi viðaukann við þessa reglugerð,
  - c) IAS-staðli 40, fjárfestingareignir, er breytt í samræmi viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 120. Hentar var getið í ákvörðun samciginlegru EES-nefndarinnar nr. 171/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagæringar: færsla og mat.

2. gr:

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst tiltekinn dag eða síðar [fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þessi reglugerð þessi öðlast gildi].

3. gr:

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2011-2013 <sup>(3)</sup>**Breyting á IFRS-staðli 3, sameining fyrirtækja**

Ákvæðum 2. liðar er breytt og lið 64J er bætt við.

## GILDISSVIÐ

2 Þessi IFRS-staðall á við um viðskipti eða annan atburð sem fellur að skilgreiningu á sameiningu fyrirtækja. Þessi IFRS-staðall gildir ekki um:

a) meðferð í reikningsskilum vegna gerðar sameiginlegs fyrirkomulags að því er varðar sameiginlega fyrirkomulagið sjálft.

b) ...

**Gildistökudagur**

...

64J Með árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 2011-2013, sem voru gefnar út í desember 2013, var gerð breyting á a-lið 2. liðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

**Breyting á IFRS-staðli 13, gangvirðismat**

Ákvæðum 52. liðar er breytt og lið C4 er bætt við.

Notkun á fjáreignum og fjárskuldbindingum með stöður sem jafna hver aðra út í markaðsáhættu eða mótaðilaáhættu

...

52 Undanþágan í 48. lið gildir aðeins um fjáreignir, fjárskuldbindingar og aðra samninga innan gildissviðs IAS-staðals 39, fjármálagerningar: færsla og mat, eða IFRS-staðals 9, fjármálagerningar. Færsla og mat, eða IFRS-staðals 9, fjármálagerningar. Leggja ætti þann skilning í tilvísanir til fjáreigna og fjárskuldbindinga í 48.-51. lið og 53.-56. lið að þær eigi við um alla samninga innan gildissviðs IAS-staðals 39 eða IFRS-staðals 9 og eru færðir í samræmi við þá án tillits til þess hvort þeir samræmast skilgreiningum á fjáreignum eða fjárskuldbindingum í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning. Framsetning.

...

**Viðbætur C****Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði**

...

C4 Með árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 2011-2013, sem voru gefnar út í desember 2013, var 52. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt frá upphafi árlega tímabilsins þegar IFRS-staðli 13 var fyrst beitt. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

**Breyting á IAS-staðli 40, fjárfestingareignir**

Fyrirsögn er bætt við á undan 6. lið. Lið 14A er bætt við. Á eftir 84. lið er nýrri fyrirsögn og lið 84A og 85D bætt við.

**Flokkun eignar sem fjárfestingareignar eða fasteignar sem eigandi nýtir**

6 Flokka má og færa hlutdeild í eign, sem leigutaki hefur á fjármögnunarleigu, sem fjárfestingareign þá og því aðeins að eignin falli að öðru leyti að skilgreiningu á fjárfestingareign og leigutaki noti gangvirðislíkanið, sem sett er fram í 33.-55. lið, á eignina sem er færð. Þessi flokkunarvalmöguleiki er tiltækur miðað við hverja eign fyrir sig. Þegar þessi

<sup>(3)</sup> „Afrítt er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afríttunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á [www.iasb.org](http://www.iasb.org)“

flokkunarvalmöguleiki er valinn fyrir eina slíka eignarhlutdeild sem er á fjármögnunarleigu skal þó færa allar eignir, sem flokkaðar eru sem fjárfestingareignir, með því að nota gangvirðislíkanið. Þegar þessi flokkunarvalmöguleiki er valinn er öll hlutdeild, sem flokkuð er með þeim hætti, tekin með í upplýsingunum sem gerð er krafa um í 74.-78. lið.

...

- 14 Það fer eftir mati, sem byggist á dómgreind, hvort eign uppfyllir skilyrði sem fjárfestingareign. Hjá einingu eru þróaðar viðmiðanir svo að hún geti beitt mati á samræmdan hátt í samræmi við skilgreiningu á fjárfestingareign og með tilheyrandi leiðbeiningum í 7. til 13. lið. Í ákvæðum c-liðar 75. liðar er gerð sú krafa að eining greini frá þessum viðmiðunum þegar flokkunin er vandasöm.
- 14A Einnig er þörf á mati, sem byggist á dómgreind, til að ákvarða hvort kaup á fjárfestingareign eru kaup á eign eða flokki eigna eða sameining fyrirtækja í skilningi IFRS--staðals 3, sameining fyrirtækja. Vísu ætti til IFRS-staðals 3 til að ákvarða hvort um sameiningu fyrirtækja sé að ræða. Umfjöllunin í 7.-14. lið í þessum staðli tengist því hvort eign er eign sem eigandi nýtir eða fjárfestingareign eða ekki en tengist því ekki að ákvarða hvort kaup á eign er sameining fyrirtækja samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3 eða ekki. Til að komast að niðurstöðu um hvort tiltekin viðskipti samræmast skilgreiningunni á sameiningu fyrirtækja, samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3 og feli í sér fjárfestingareign, samkvæmt skilgreiningu í þessum staðli er nauðsynlegt að beita báðum stöðlum hvorum í sínu lagi.

...

#### Umbreytingarákvæði

...

##### *Kostnaðarverðslíkan*

...

##### *Sameining fyrirtækja*

- 84A Með árlegum endurbótum 2011-2013, sem gefnar voru út í desember 2013, var lið 14A bætt við og fyrirsögn á undan lið 6. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt, að því er varðar kaup á fjárfestingareignum, frá upphafi fyrsta tímabilsins sem það samþykkir umrædda breytingu fyrir. Af því leiðir að ekki skal aðlaga reikningsskilamedferð vegna kaupa á fjárfestingareignum á fyrri tímabilum. Hins vegar er einingu heimilt að velja að beita breytingunni gagnvart einstökum kaupum á fjárfestingareignum, sem áttu sér stað fyrir upphaf fyrsta árlega tímabilsins, sem var við eða eftir gildistökudaginn, þá og því aðeins að upplýsingar sem þarf til að beita breytingunni gagnvart þessum fyrri viðskiptum séu tiltækar fyrir eininguna.

#### GILDISTÖKUDAGUR

...

- 85D Með árlegum endurbótum 2011-2013, sem gefnar voru út í desember 2013, var bætt við fyrirsögnum á undan lið 6 og á eftir lið 84 og liðum 14A og 84A var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum fyrir fyrri tímabil skal hún greina frá því.